

HEF Veitur ehf
Fellabrún 1
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 3. apríl 2024
UST202402-214/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn HEF Veitur ehf, dagsett, 13. febrúar 2024, um leyfi til framkvæmda innan fólkvangsins Teigarhorn.

Teigarhorn er friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 416/2013. Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega í fólkvanginum, en þó er starfsmönnum á svæðinu heimil, ef nauðsyn krefur, notkun vélknúinna farartækja vegna starfa við stígagerð og vegna veitumannvirkja innan marka fólkvangsins, enda sé ekki unnt að framkvæma verkið á annan. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. Óheimilt er að fjarlægja geislasteina út af svæðinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Djúpavogshrepps og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndar- og stjórnunaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að grafa könnunarholu og fara í tilraunaboranir í áreyrar Búlandsár innan fólkvangsins í Teigarhorni. Vatnstaka er nú þegar í Búlandsá uppi á Búlandsdal í opinni stíflu. Markmiðið er að afnema hana takist að bora og ná í nægilegt vatn í eyrar Búlandsár. Kort sem sýnir fyrirhugað framkvæmdarsvæði fylgdi með umsókn. Grafin yrði könnunarhola þar sem kannað yrði hversu djúpt er á fast og vatnsflæði. Áætlað er að holan verði 2x2 metar og um 3-5 metar á dýpt. Fyllt yrði í holuna að því loknu og í kjölfarið boruð tilraunarhola eða holur (fer eftir aðstæðum). Áætlað er að boruninn taki ca viku. Aðgengi að áreyrunum yrði eftir slóða sem liggur að þeim. Gert yrði ráð fyrir því að flóð í ánni myndu eyða öllum ummerkjum um framkvæmdina en svæðið yrði utan flóðamarka yrði gengið frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Við borun verður það haft í huga að svarfi verði ekki dælt beint aftur í ána til að grugga hana ekki, heldur muni svarfið skolast rólega til sjávar og dreifa þannig álaginu á ána. Hamarolían sem er notuð er við borunina er líf-niðurbjótanleg og sápan sem einnig er notuð yrði verulega þynnt og magnið af óþynntri sápu talið í millilítrum. Notkun þessara efna verður haldið í lágmarki. Við verkefnið yrði notðu 15-20 tonna grafa og jarðborinn Tröllli og er áætlað að 3 starfsmenn komi að verkinu. Ekki er sótt um leyfi fyrir lagnaleið eða borholuhúsi. Ef verkefnið gengur vel yrði í kjölfarið farið í að hann lagnaleiðir

til Djúpavogs, tenginga og dæluhús og sótt um það sérstaklega. Áætlað er að fara í verkefnið 8. - 12. apríl 2024.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefnið muni hafa neikvæð áhrif á náttúrufer og verndargildi svæðisins til skamms tíma. Gestir á svæðinu muni jafnframt verða fyrir tímabundnum áhrifum sökum hljóðmengunar og umferðar vinnuvéla. Stofnunin metur að sé farið eftir skilyrðum leyfis sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar og áhrifin því afturkræf.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir HEF Veitur fyrir sitt leyti leyfi fyrir gerð könnunarholu og borholum innan fólkvangsins Teigarhorn sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið ár frá dagsetningu þessa bréfs til 1. maí 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskastog um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Óheimilt er að raska Búlandsá og skal þess gætt að ekki sé keyrt í ánni.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun borholana er hætt skulu þær afmáðar.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnuvélum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og bors og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá

jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Lára Björnsdóttir
sérfræðingur